



Vefstefna Dalvíkurbyggðar

1. Tilgangur

Tilgangur þessarar vefstefnu er að tryggja vefsetri Dalvíkurbyggðar ákveðna umgjörð. Við uppbyggingu og þróun einstakra vefsvæða skal þessari vefstefnu fylgt.

Í tengslum við vefstefnuna skal setja verklagsreglur og leiðbeiningar sem skýra nánar framkvæmd hennar eftir því sem við á.

2. Framtíðarsýn

Að efla www.dalvikurbyggd.is sem rafrænt samfélag sem veitir öfluga þjónustu allan sólarhringinn, allt árið; 365/7/24.

3. Umfang

Vefstefnan nær til allra sem vinna efni á vefsetur Dalvíkurbyggðar en það spannar allt sem vistað er undir léninu dalvikurbyggd.is.

Allir þeir sem vinna efni á vefsetrið skulu kynna sér stefnuna vel.

Vefstefnan nær einnig til þeirra samfélagsmiðla sem Dalvíkurbyggð notar til að koma skilaboðum eða upplýsingum á framfæri.

4. Markmið

- Að vera upplýsingagátt um allt er viðkemur stjórnsýslu sveitarfélagsins og þjónustu þess.
- Að stunda öfluga kynningarstarfsemi fyrir sveitarfélagið í heild sinni, stjórnsýslu, atvinnulíf og félagsstarfsemi.
- Að veita aðgang að upplýsingum um atvinnulíf, félagasamtök og fleira auk þess að vera með reglulega uppfærðar fréttir og fróðleik úr sveitarfélaginu.

5. Ábyrgð

Ritstjóri vefsins er upplýsingafulltrúi. Í því felst að hann:

- Hefur yfirlit með vefsetri Dalvíkurbyggðar.



- Framfylgir vefstefnunni og ber ábyrgð á henni.
- Ber ábyrgð á að þróa vefstefnu í samræmi við tækniþróun og vefumhverfi og kynnir hana umsjónarmönnum einstakra vefsvæða.
- Ber ábyrgð á þróun vefsins og gæðamálum
- Skipuleggur og ber ábyrgð á uppbyggingu veftrés á aðalvefsvæði Dalvíkurbyggðar og undirvefjum.
- Ber ábyrgð á fréttum og viðburðum á forsíðu. Í því felst að skrifa og birta almennar fréttir og viðburði úr starfi sveitarfélagsins, auk þess að velja fréttir til að birta af vefsvæðum stofnana. Einnig að birta viðburði og fréttir sem eru sendar inn af ótengdum aðilum ef við á og snerta Dalvíkurbyggð.
- Ber ábyrgð á að á vefnum séu réttar upplýsingar á hverjum tíma.
- Hvetur til og fylgir því eftir að stjórnendur og starfsmenn séu virkir í að miðla fréttum og upplýsingum til íbúa og viðskiptavina sveitarfélagsins í gegnum vef sveitarfélagsins.
- Fylgir því eftir við stjórnendur og starfsmenn, eftir því sem við á, að allt efni og upplýsingar frá sviðum, deildum, fyrirtækjum og stofnunum sveitarfélagsins séu réttar á hverjum tíma.

Umsjónarmenn undirsíða bera ábyrgð á efnistöfum á sínum síðum. Í því felst:

- Að bera ábyrgð á því að efni á vefsvæðum sé ætíð yfirlesað, uppfært og rétt.
- Að bera ábyrgð á uppbyggingu veftrés í samráði við ritstjóra.
- Að bera ábyrgð á fréttum og viðburðum á sínum síðum.
- Að fylgja vefstefnunni

Allir notendur vefsins skulu hafa velsæmi í huga við val á því efni sem þar birtist.

6. Ritstjórnarstefna

Markmið www.dalvikurbyggd.is og undirvefja er að veita framúrskarandi þjónustu í gegnum

internetið með rafrænu þjónustuumhverfi auk þess að vera uppspretta upplýsinga um stjórnsýslu, atvinnulíf, atburði og fl. fyrir skilgreinda viðskiptavinum síðunnar.

Skilgreindir viðskiptavinir eru:

- Íbúar Dalvíkurbyggðar
- Áhugafólk um búsetu í Dalvíkurbyggð
- Ferðamenn
- Fjölmíðlar



- Brottluttir
- Starfsmenn
- Kjörnir fulltrúar

Áreiðanleiki og gæði

Allar upplýsingar á vefsetrinu eiga að vera uppfærðar, réttar og samræmdar. Gæta skal að því að tenglar séu virkir.

Stöðugt verður að huga að gæðastarfi til að efla vefsetrið og bæta. Í því skyni á að nota Handbók um opinbera vefi sem gefin er út af Innanríkisráðuneytinu og er aðgengileg á vefnum www.ut.is. Einnig á að nýta niðurstöður úttektar Sjá, sem gerð er annað hvert ár, til þess að bæta vefinn.

Öllum starfsmönnum sem setja efni inn á vefinn ber að tileinka sér fagleg og ábyrg vinnubrögð. Þeir þurfa að afla sér lágmarks þekkingar í því vefumsjónarkerfi sem er verið að nota.

Vefir Dalvíkurbyggðar skulu ávallt vera aðgengilegir og efni birtast óbrenslað í öllum helstu og algengustu vöfrum og stýrikerfum.

Tungumál og málfar

Íslenska er opinbert mál á vefsetri Dalvíkurbyggðar.

Allt efni skal vera á vönduðu máli.

Málfar skal vera einfalt og auðskilið.

Skipulag efnis og útlit

Upplýsingafulltrúi skipuleggur og ber ábyrgð á veftré vefsins.

Samræmi skal vera í öllum upplýsingum á vefsetri Dalvíkurbyggðar. Upplýsingar um sama efni mega ekki stangast á og tengja skal á milli síðna frekar en margskrá sömu upplýsingarnar.

Ábyrgðarmönnum einstakra svæða vefsins er skylt að hafa upplýsingar um netfang, símanúmer og starfsemi á áberandi stað til að notendur geti



fyrirhafnarlítið sent fyrirspurnir og athugasemdir.

Ætíð skal haga efni og framsetningu á þann hátt að það sé sem aðgengilegast fyrir alla sem fara inn á vefinn.

Útlit vefseturs Dalvíkurbyggðar myndar eina heild.

Allar síður skulu hafa fyrirsagnir sem stemma við heiti á síðunum.

Letur og stærð er skilgreint í stílsniðum sem upplýsingafulltrúi stýrir. Leturgerð er sjálfgefin leturgerð vefumsjónakerfis.

Myndir í skulu vera 250px og staðsettar hægra megin á síðu efst, bæði í fréttum og á almennum síðum. Notkun myndefnis skal vera fagleg og hæfa tilefninu hverju sinni. Gæta ber sérstaklega að persónuvernd í þessu skyni.

Samfélagsmiðlar

Dalvíkurbyggð nýtir samfélagsmiðla til að eiga samskipti við viðskiptavinum sveitarfélagsins.

Einstaka stofnunum innan Dalvíkurbyggðar er heimilt í samráði við upplýsingafulltrúa að halda úti síðum á samfélagsmiðlum. Upplýsingafulltrúi hefur samráð við viðkomandi sviðsstjóra um heimild um að halda úti síðum á samfélagsmiðlum ef þurfa þykir.

Þess skal gætt að fleiri en einn aðili hafi umsjónaraðgang að síðunum en jafnframt að tilgreindum aðila sé falin ábyrgð á hverri síðu fyrir sig.

Umsjónarmenn samfélagsmiðla skulu gæta vandlega að málfari og hafa í heiðri almenna kurteisi og samskiptareglur í skrifum sínum. Rödd sveitarfélagsins í samfélagsmiðlum má vera persónulegri og með léttara yfirbragði en rödd sveitarfélagsins á vefsvæðum þess. Markhópurinn getur verið ólíkur eftir því hvaða samfélagsmiðill á í hlut og skal haga samskiptum í samræmi við það.

Varðandi góðar netvenjur er hægt að skoða síðuna www.saft.is.

7. Tækni

Dalvíkurbyggð notar það vefumsjónakerfi sem er talið hentugast í hvert sinn og þjóna best hagsmunum og þörfum sveitarfélagsins.



Viðbætur og breytingar á vef eru unnar af upplýsingafulltrúa í samráði við þá sem málið varðar.

Leitast skal við að hafa nöfn á lénunum eins skýr og gagnsæ og auðið er.

Allt efni á að birtast fljótt og skýrt í öllum algengustu gerðum vafra (Internet Explorer, Mozilla Firefox, Safari, Opera) og stýrikerfum (Windows, MacOSX og Linux).

Óheimilt er að setja hverja þá tegund efnis á vefinn sem ekki er aðgengilegt í öllum helstu vöfrum og stýrikerfum án sérstakra viðbóta.

Huga ber sérstaklega að öryggismálum og tryggja það að þjónustuaðilar vefsins séu með öll öryggismál í góðu lagi.

Leitarvél vefsins á að vera öflug þannig að auðvelt og aðgengilegt sé að nýta hana til leitar á vefnum.

Vefsvæði

Allar stofnanir og fyrirtæki Dalvíkurbyggðar skulu vera undir sama vefumsjónakerfi með endinguna www.dalvikurbyggd.is/stofnun, dæmi www.dalvikurbyggd.is/byggdasafn.

Sjálfsseignarstofnanir tengdar sveitarfélaginu geta einnig verið í sama vefumsjónakerfi.

Hver undirvefur skal hafa umsjónarmann sem ber ábyrgð á sínum hluta vefsins í samráði við ritstjóra.

Hver undirvefur skal lúta öllum almennum skilyrðum fyrir vefinn eins og fram kemur í þessari vefstefnu.

8. Aðgengi

Dalvíkurbyggð hefur einsett sér að gera vef sinn aðgengilegan fötluðum.

Stefnt er að því að hafa vefinn aðgengilegan þeim íbúum sveitarfélagsins sem hafa annað tungumál en íslensku fyrir móðurmál

Ferðamenn eiga geta fundið helstu upplýsingar um ferðaþjónustu á vefnum á ensku.

Samþykkt á 10. fundi atvinnamála- og kynningaráðs þann 6.05.2015

Samþykkt á 270. Fundi sveitarstjórnar Dalvíkurbyggðar þann 19.05.2015



Verklagsreglur

Eftirfarandi reglur eru lagðar til grundvallar við miðlun upplýsinga:

- Upplýsingar um sama efni mega ekki stangast á. Frekar skal tengja á milli síða en margskrá sömu upplýsingar.
- Allar upplýsingar á að setja fram á hnitmiðuðu og vönduðu máli. Æskilegt er að notandinn geti nálgast þær á einum skjáfylli.
- Nota á málfar sem miðar við almennan lesanda og forðast á sérhæft eða tæknilegt orðafar þar sem því verður við komið.
- Við innsetningu fréttu skulu meginatriði sett fremst, setningar skulu vera stuttar og markvissar, lýsingarorð spöruð og fyrirsagnir vera stuttar, knappar og lýsandi.
- Við innsetningu viðburða skulu meginatriði sett fremst, setningar skulu vera stuttar og markvissar, lýsingarorð spöruð og fyrirsagnir vera stuttar, knappar og lýsandi.
- Efni og framsetningu ber að haga á þann hátt að það sé sem aðgengilegast fyrir alla vefgesti.
- Farið skal eftir helstu aðgengisstöðlum fyrir fatlaða í vinnu við alla vefi Dalvíkurbyggðar.
- Allar síður skulu hafa fyrirsagnir sem eru í takti við heiti á sjálfum síðunum. Þetta einfaldar leitarvélum að finna upplýsingar.
- Netföng, símanúmer og starfssvið umsjónarmanna einstakra vefsvæða skulu vera sýnileg til þess að notendur geti fyrirhafnalítið sent fyrirspurnir og athugasemdir.
- Ekki á að birta höfundaréttarvarið efni á vefjum Dalvíkurbyggðar nema með samþykki rétthafa og skal það þá tekið fram.
- Val auglýsinga á forsiðu aðalvefs er á ábyrgð vefstjóra.
- Vefstjóri úrskurðar um álitaefni sem tengjast efni.
- Vefstjóri og UT teymi taka ákvörðun um það hvaða kerfi sem notað er hverju sinni.
- Dalvíkurbyggð hvetur til opinna skoðanaskipta á samfélagsmiðlum og heimilar innlegg og athugasemdir frá notendum. Þó skal þess gætt að notendur séu málefnalegir og gæti almenns velsæmis og kurteisi í málflutningi sínum. Ummæli, sem beinast gegn tilteknum kynþáttum, trúarhópum eða kyni eða fara yfir velsæmismörk, skulu fjarlægð og viðkomandi notanda send tilkynning þar sem ástæða þess að ummæli voru fjarlægð skal tilgreind. Jafnframt skal notandinn varaður við því að verði hann uppvis að ítrekuðum brotum verði lokað á hann.